

Hljóðaaðferðin

Hljóðaaðferðin er megin kennsluáæferð skólans. Með hljóðaaðferðinni þjálfast nemendur í að umbreyta eða umskrá íslensku bókstafina yfir í hljóð og tengja hljóð stafanna saman í orð. Nemandinn segir hljóð stafanna í orðunum með því að „hljóða sig í gegnum orðin“. Lögð er áhersla á að lesa stutta, einfalda, merkingarbæra texta sem stigþyngjast eftir því sem nemendur þjálfast í lestrinum. Aðferðin gengur út á að nemendur gefa hverjum einasta bókstaf orðanna gaum af fullkominni nákvæmni án þess að þurfa að beina athyglinni að því. Þetta er færni sem börn þróa og þjálfra gegnum hljóðkerfisfærni, umskráningu, lesfimi og orðaforða þar til hún verður fullkomlega sjálfvirk og ómeðvituð.

Markmiðið með umskráningunni er ekki bara að kenna börnum að "hljóða sig" í gegnum orðin. Markmiðið er að þau ná smám saman að byggja upp sem mestan sjónrænan orðaforða og geti þekkt orðin um leið og þau ber fyrir augun, hratt og fyrirhafnarlaust. Til að nemendur geti öðlast bestu forsendur til að ná sem bestum lesskilningi þarf lestrarkennslan að beinast að því að þjálfra lesfimi og leshraða.